

**Heilbrigðiseftirlit
Garðabæjar, Hafnarfjarðar,
Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness**

Ársreikningur
2024

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar,
Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Hlíðasmára 14
201 Kópavogur

kt. 590184-0209

Efnisyfirlit

	bls.
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness er rekið af þeim sveitarfélögum sem mynda heilbrigðiseftirlitið í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Tekjur heilbrigðiseftirlitsins voru 209,4 millj. kr. á árinu sem skiptast annars vegar í tekjur af hundaftirliti 34,1 millj. kr. og hins vegar í tekjur af eftirlitsgjöldum og starfsleyfum sem voru 175,3 millj. kr. Sá kostnaður heilbrigðiseftirlitsins sem eftirlitstekjur standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs í samræmi við 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framlag sveitarfélaganna til rekstursins var 96,7 millj. kr. en þau framlög fara í verkefni sem tengjast umhverfissvöktun, þjónustu við íbúa og önnur verkefni sem sveitarfélögin fela heilbrigðiseftirlitinu að framkvæma.

Rekstrarniðurstaða er því 0 kr. og er eigið fé eftirlitsins jafnframt 0 kr. í árslok. Heildareignir nema 38,3 millj. kr. í árslok og skuldir og skuldbindingar nema 38,3 millj. kr. en þar af nema fyrirfram innheimtar tekjur 5 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis staðfesta hér með ársreikning eftirlitsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Kópavogi, 31. mars 2025.

Í stjórn:

Stjórnir
Bylmi Björnsson
James Þóssur Halstein
Rindalldóttir Barkmann
Jóna Þorvaldsson

Framkvæmdastjóri:

Hortur Þorvaldsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Til stjórnar Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2 mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 1. apríl 2025.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	Hunda- eftirlit	Heilbrigðis- eftirlit	Samtals	Fjárhags- áætlun
Rekstrartekjur					
Eftirlitsgjöld		0	153.930.508	153.930.508	149.977.711
Leyfisgjöld		34.100.000	9.764.250	43.864.250	40.200.000
Aðrar tekjur		42.000	11.586.904	11.628.904	10.000.000
		34.142.000	175.281.662	209.423.662	200.177.711
Rekstrargjöld					
Heilbrigðisnefnd	4	386.240	4.441.759	4.827.999	5.417.961
Laun og starfsmannakostnaður	4	18.210.299	208.121.903	226.332.202	228.884.535
Húsnæðiskostnaður		1.139.440	13.103.565	14.243.005	13.000.000
Skrifstofu- og tölvukostnaður		3.088.293	17.500.325	20.588.618	18.517.150
Rekstur bifreiða		392.419	4.512.817	4.905.236	6.263.506
Aðkeypt þjónusta		2.180.646	17.457.675	19.638.321	17.725.065
Annar rekstrarkostnaður		8.077.752	7.349.954	15.427.706	10.000.000
Áunnið orlof fært í stöðu		0	1.296.534	1.296.534	0
		33.475.089	273.784.532	307.259.621	299.808.217
Rekstrarafkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		666.911	(98.502.870)	(97.835.959)	(99.630.506)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármunatekjur				1.427.780	0
Fjármagnsgjöld				(321.984)	0
				1.105.796	0
Rekstrarniðurstaða ársins				(96.730.163)	(99.630.506)
Fjármögnun					
Framlög aðildarsveitarfélaga				96.730.163	99.630.506
Niðurstaða ársins				0	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	2.151.448
Veltufjármunir:			
Handbært fé		20.559.205	9.866.850
Viðskiptakröfur		753.474	933.094
Aðrar skammtímakröfur.....		1.105.200	896.490
Aðildarsveitarfélög	5	15.929.015	20.213.384
Eignir samtals		38.346.894	34.061.266
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	6	0	0
Skuldbindingar:			
Lífeyrissjóðsskuldbinding	7	7.088.137	6.773.178
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	2.151.448
Fyrirframinnheimtar tekjur v/heilbrigðiseftirlits		5.000.000	2.000.000
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður		26.258.757	23.136.640
Skammtímaskuldir samtals		31.258.757	27.288.088
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals		38.346.894	34.061.266

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar,
Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var stofnað af sveitarfélögunum Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi þann 22. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og tók það yfir heilbrigðiseftirlit fyrrgreindra sveitarfélaga. Sameining sveitarfélagsins Álftanes við sveitarfélagið Garðabæ tók gildi um áramótin 2021/2013 og í ársbyrjun 2022, var heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar og á Seltjarnarness sameinað Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og ber nú nafn allra sveitarfélaganna, þ.e. Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum megin atriðum gerð eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

Sundurliðanir

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun starfsmanna	173.007.437	169.701.736
Laun heilbrigðisnefndar	4.198.260	4.198.260
Mótframlag í lífeyrissjóð	24.687.951	23.160.133
Önnur launatengd gjöld	29.266.553	24.200.623
	<u>231.160.201</u>	<u>221.260.752</u>
Laun og launatengd gjöld greinast þannig í rekstrarreikningi:		
Heilbrigðisnefnd	4.827.999	5.147.492
Laun og starfsmannakostnaður	<u>226.332.202</u>	<u>216.113.260</u>
	<u>231.160.201</u>	<u>221.260.752</u>

Í ársbyrjun voru 14,3 stöðugildi hjá félaginu og í árslok þau sömu. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 24,3 millj. kr. á árinu (2023: 24,3 millj. kr.).

5. Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig:

	Íbúaföldi	Hlutfall	Framlag	Áætlun
Garðabær	18.891	17,6%	17.018.520	17.528.800
Hafnarfjarðarbær	30.568	28,5%	27.538.093	28.363.791
Kópavogsbær	39.810	37,1%	35.864.023	36.939.365
Mosfellsbær	13.430	12,5%	12.098.815	12.461.584
Seltjarnarnes	4.674	4,4%	4.210.712	4.336.965
	<u>107.373</u>	<u>100%</u>	<u>96.730.163</u>	<u>99.630.505</u>

Eigið fé

6. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2024	0
Rekstrarniðurstaða ársins	(96.730.164)
Framlag Garðabæjar	17.018.520
Framlag Hafnarfjarðarbæjar	27.538.093
Framlag Kópavogsbæjar	35.864.023
Framlag Mosfellsbæjar	12.098.815
Framlag Seltjarnarness	<u>4.210.712</u>
Eigið fé 31.12.2024	<u>0</u>

Skýringar

7. Skuldbindingar

Á heilbrigðiseftirlitinu hvílir skuldbinding hjá Lífeyrissjóðnum Brú vegna starfsmanna eftirlitsins og er áætlað að skuldbinding þessi nemi 7.1 millj. kr. í árslok. Lífeyrissjóðurinn Brú hefur upplýst að endurskoða þurfi eftirlaunaskuldbindingu heilbrigðiseftirlitsins og verður hún færð upp, þegar sú endurskoðun liggur fyrir. Breyting á skuldbindingunni sundurliðast þannig á árinu:

Flutt frá fyrra ári	6.773.178
Gjaldfærð hækkun á árinu	314.959
Staða 31.12.2024	<u>7.088.137</u>